

Tillaga að breytingu á samþykktum um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar:

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, nr. 813/2018, með síðari breytingum.

1. gr.

Í 1. mgr. 8 gr. samþykktarinnar verði kveðið á um að reglulegum fundum bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar verði fjölgað og að bæjarstjórn komi saman fyrsta og þriðja hvern miðvikudag í mánuði. Verður 1. mgr. 8. gr. því svohljóðandi:

Bæjarstjórn Árborgar heldur reglulega fundi bæjarstjórnar, fyrsta og þriðja miðvikudag í mánuði, kl. 17:00.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.